

19. apríl 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 4. apríl 2006 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum, 647. mál.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar og endurskipulagningar laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, voru 17. og 18. gr. laganna felldar úr gildi við gildistöku laga nr. 31/2005 sem breyttu lögum um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003. Þar sem nú er ljóst að endurskoðun og endurskipulagningu kauphallarlaganna lýkur síðar en áætlað var leggur frumvarpið til að umræddar greinar um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll sem fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/33 verði felldar *aftur* inn í lög.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri